

KIRKJUGARÐARÁÐ

48. fundur haldinn 15. janúar 2007 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifarverndar ríkisins sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur var settur kl. 13:15 og fundargerð síðasta fundar lögð fram. Fundargerðin var samþykkt eftir smálagæringar.

2. Stefna stjórnvalda í fornleifavernd á Íslandi árin 2006-2011

Kristín Huld kynnti drög að stefnumörkun sem Fornleifavernd ríkisins vann í umboði menntamálaráðuneytisins og er stefnumörkunin sú fyrsta sem unnin hefur verið hérlendis varðandi fornleifar. Ráðuneytið sendi stefnumörkunina út til umsagnar í árslok 2006 og var gefinn frestur til 1. febrúar 2007 til að koma með athugasemdir. Það sem snýr að Kirkjugarðaráði er helst ósamræmi milli laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og þjóðminjalaga nr. 107/2001 og var borin fram sú tillaga að Kristín Huld sendi athugasemdir um lögina til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Nefndin gerði engar athugasemdir við stefnumörkunardrögin.

3. Mismunandi aðferðir og áherslur við skráningu á minningarmörkum eldri en eitt hundrað ára

Kristín Huld gerði grein fyrir mismunandi aðferðum við skráningu minningarmarka og kostnaði vegna þeirra. Um er annars vegar að ræða nákvæma fullnaðarskráningu minningarmarka og hins vegar skemmri skráningu. Voru lögð fram gögn þar sem gerð er grein fyrir þessum tveimur stigum.

4. Staða mála varðandi lagafrumvarpið og bréf ráðherra

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi þeirra Þórsteins í dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Rætt við Hjalta Zóphóníasson og Bryndísi Helgadóttur lögfræðing vegna líkhúsagjalds. Þórsteinn sendi bréf varðandi málið. Viðbrögð við bréfinu hafa ekki borist.

5. Fundur með stjórn Prestssetrasjóðs vegna kirkjugarðsins að Ásum

Framkvæmdastjóri kynnti málið. Borist hafði fyrirspurn um hvort einstaklingar gætu reist minnismerki að eigin frumkvæði og hvaða reglur giltu um leyfisveitingar vegna minnismerkja eða gerðar minningarreita. Framkvæmdastjóri kvaðst hafa gert spyrjanda grein fyrir að það yrði að fá leyfi kirkjugarðayfirvalda um slíkt þegar óskað væri eftir að reisa minnismerki innan kirkjugarðs. Hann vísaði til skipulagsyfirvalda um slíkt þegar utan kirkjugarðs væri að ræða.

6. Hvernig á að skipta kostnaði milli sveitarfélags og kirkjugarðsstjórnar vegna vinnu við gerð aðal-, deili- og innra skipulags kirkjugarða?

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málinu. Þar kom fram að það er í verkahringi sveitarfélagsins að kosta gerð við aðalskipulag og þar kemur fram afmörkun kirkjugarðsins og síðan er það hlutverk kirkjugarðsstjórnar að kosta gerð innra skipulags kirkjugarðs.

7. Útdeiling á fjármagni til kirkjugarða fyrir árið 2007

Þórsteinn kynnti excel-skjal þar sem fram kemur útdeiling á fjármagni til kirkjugarða fyrir árið 2007 og fjármagnið sem fer til Kirkjugarðasjóðs, en nú í ár nemur það 67,5 millj. kr. Grunntölurnar hafa breyst og var kynnt nýtt einingarverð flatarmáls og grafarkostnaðar. Grafarverðið er fast og geta kirkjugarðar áætlað tekjur með því að margfalda með þeim fjölda sem þeir grófu.

Ákveðið var að Unni yrði falið að gera upp útistandandi skuldir og kröfur vegna greftrana samkvæmt forskrift frá Kirkjugarðasambandi Íslands.

Rætt var um greiðslur vegna greftrana til kirkjugarða skv. gjaldalíkani. Ákveðið var að senda bréf til kirkjugarðsstjórna og tilkynna þeim að ekki verði gengið eftir því að greiða þeim vegna greftrana. Framkvæðið verður að koma frá kirkjugörðunum sjálfum. Framkvæmdastjóra var falið að skrifa bréfið.

8. Næsti fundur

Næsti fundur - úthlutunarfundur verður mánudaginn 19. feb. kl. 10:00. Árshátíð verður 16. febrúar.

9. Önnur mál

Samningur v. Kirkna Íslands. Ákveðið að taka málið aftur upp á næsta fundi. Og óskað eftir umsókn sem yrði fjallað um á næsta fundi.

Fundi slitið kl.16:35.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari